

Miðvikudaginn 5. desember 1979.

Nr. 21/1978. K

(Einar Sigurðsson hrl.)

gegn

Ólafi Þ. Þorsteinssyni og

(Logi Guðbrandsson hrl.)

bæjarsjóði Siglufjarðar

og gagnsök

(Hörður Einarsson hrl.).

Abyrgð lækna. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1978. Gerir hún þær dómkröfur, að gagnáfrýjendur verði dæmdir til þess að greiða henni óskipt kr. 10.000.000 með 7% ársvöxtum frá 4. febrúar 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en til vara er krafist vaxta, eins og gert var fyrir héraðsdómi, þ. e. 13% ársvaxta frá 1. desember 1960 til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en aðaláfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 20. janúar 1978.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 3. febrúar 1978. Þeir gera þær dómkröfur fyrir Hæstarétti, að þeir verði sýknaðir af öllu mkröfum aðaláfrýjanda, sem einnig verði dæmd til þess að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir

mega staðfesta úrlausn hans um óskipta fébótaábyrgð gagnáfrýjenda gagnvart aðaláfrýjanda.

Af hálfu gagnáfrýjenda hefur því verið hreyft, að hafa beri í huga við ákvörðun bótafjárhæðar, ef til komi, að eigi muni vera útilokað að bæta úr afleiðingum vönunarinnar með nýrri tiltölulega einfaldri skurðaðgerð. Hefur gagnáfrýjandinn Ólafur þessu til stuðnings lagt fram í málinu tvær ritgerðir úr erlendum læknatímaritum um vönunaraðgerðir á konum og um aðgerðir til að bæta úr ófrjósemi vanaðra kvenna. Annarra læknisfræðilegra gagna um þetta atriði nýtur hins vegar ekki við í málinu, svo sem um það, hversu mikil eða áhættusöm slík aðgerð væri, eða hvort hún væri vænleg til árangurs í því sérstaka tilviki, sem hér er um fjallað. Verður því ekki tekið tillit til þessa við ákvörðun fébóta til aðaláfrýjanda.

Þegar litið er til þeirrar röskunar á stöðu og högum, sem aðaláfrýjandi hefur orðið fyrir, þykja bætur hæfilega ákveðnar 3.000.000 krónur með vöxtum eins og krafist er, þó þannig, að rétt þykir að miða upphafstíma vaxta við stefnubirtingardag 4. febrúar 1976 svo og að vextir verði ekki ákveðnir hærrí en 13% á ári til 21. febrúar 1978. Eru ekki skilyrði til að leyfa áfrýjanda að hækka vaxtakröfuna vegna vaxtabreytinga, sem tekið höfðu gildi fyrir áfrýjun málsins, þar sem krafa um það var ekki gerð í áfrýjunarstefnu.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað ber að staðfesta.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjendur til þess að greiða óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 450.000 krónur og renni í ríkissjóð.

Aðaláfrýjandi hefur gjafsókn fyrir Hæstarétti. Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns aðaláfrýjanda, Einars Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 400.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjendur, Ólafur Þ. Þorsteinsson og bæjarstjórn Siglufjarðar fyrir hönd bæjarsjóðs Siglufjarðar-

kaupstaðar, greiði óskipt aðaláfrýjanda, K, 3.000.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 4. febrúar 1976 til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað.

Gagnáfrýjendur greiði 450.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, Einars Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 400.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. nóvember 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. nóvember sl., hefur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður höfðað fyrir hönd K . . ., með stefnu, birtri 4. febrúar 1976, gegn Ólafi Þorsteinssyni, yfir-lækni á Siglufirði, og Bjarna Þór Jónssyni bæjarstjóra f. h. bæjarstjórnar Siglufjarðar til greiðslu in solidum á kr. 10.000.000 með 13% ársvöxtum frá 1. desember 1960 til greiðsludags auk málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi fékk gjafsóknarleyfi með bréfi dómsmálaráðuneytisins frá 9. október 1975.

Af hálfu beggja stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir og fái tildæmdan málskostnað úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavextir.

Stefnandi þessa máls er fædd 5. júní 1941 í Siglufirði. Hún ólst upp hjá konu að nafni A til 12 ára aldurs, en síðan hjá B, en foreldrar stefnanda voru ógiftir. Báðar þessar konur eru nú látnar.

Í nóvembermánuði 1961 gekk stefnandi undir botnlangaskurð á Sjúkrahúsi Siglufjarðar, og framkvæmdi stefndi Ólafur Þ. Þor-

steinsson læknir þá aðgerð. Í sama skipti var gerð, eins og segir í sjúkraskýrslu stefnanda frá 2. nóvember til 2. desember 1961, sem vitnað er til í bréfi stefnda Ólafs til landlæknis, dags. 16. maí 1972: „dicisie tubarum bilat, bundið fyrir tuburnar og saumað yfir uterushornin á vanalegan hátt“, þ. e. a. s. stefnandi var gerð ófrjó. Stefndi Ólafur framkvæmdi og þessa aðgerð. Í sjúkraskýrslunni segir, að þessi aðgerð hafi verið framkvæmd samkvæmt eindregnum óskum aðstandenda og nánustu ráðamanna og með hliðsjón af andlegri heilsu stefnanda. Stefndi Ólafur tekur fram í sama bréfi úr sjúkraskýrslunni eftirfarandi: „ . . . Hefur frá fyrstu tíð verið mjög vangefin andlega, þó tæplega fullkominn fáviti. Hún getur þó ekki hamist við nein störf og vinnur engan veginn fyrir sér. (Móðir hennar er sömuleiðis mjög vangefin andlega)“.

Þá segir í sjúkraskýrslunni, að stefnanda hafi heilsast vel eftir aðgerðina og sárið gróið. Þess ber að gæta að stefnandi heldur fram, að aðgerðin hafi verið framkvæmd í nóvember 1960, en skv. sjúkraskýrslu mun hún hafa verið framkvæmd í nóvember 1961.

Stefndi Ólafur kom fyrir réttinn 28. júní sl. og kvaðst viðurkenna, að leyfis landlæknis hefði ekki verið leitað til framangreindrar aðgerðar. Það hefði sér yfirsést, en hann hefði ekki munað eftir þeim lögum, sem ná til aðgerða af þessu tagi, en um er að ræða lög nr. 16/1938 um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt. Stefndi sagði, að eftir þessa málshöfðun hefði hann lesið lagaákvæðin varðandi þessa aðgerð og teldi, að skilyrði hefðu verið fyrir hendi til að framkvæma hana. Stefndi tók sérstaklega fram, að stefnandi hefði ekki hamist við nein störf og hafi á engan hátt getað unnið fyrir sér og á engan hátt verið hæf til að ala upp börn. B fóstura stefnanda hafi beðið um ófrjósemisaðgerðina. Móðir stefnanda hafi alist upp á heimili B, en hún sé vangefin á álíka stigi og stefnandi. Hún geti ekki unnið fyrir sér sjálfstætt, en hún hafi verið tekin í eldhúsið á spítalanum í Siglufirði og fái sjálfsagt eitthvert kaup fyrir það. Erfitt sé að gera sér grein fyrir því, hvort um kynfylgju geti verið að ræða, þegar skoðað sé andlegt atgerfi stefnanda og móður hennar. Segja megi, að sum móðursystkin stefnanda séu vel gefið fólk.

Stefndi sagði, að aðgerðin hefði verið framkvæmd samkvæmt sínu mati, en hann hefði ekki ráðfært sig við skólanefnd né barnaverndarnefnd á staðnum og ekki heldur vandamenn stefnanda

utan B. Hann hafi þekkt vel til stefnanda og í litlum bæ eins og Siglufirði hafi gripið um sig hálfgerð skelfing manna á meðal, þegar frést hafi, að stefnandi væri farin að búa með manni inni í Skagafirði, sem orð hefði haft á sér fyrir óreglu og að vera lítt gefinn fyrir vinnu. Menn hafi getað séð fyrir sér, að þau færu að eiga börn saman.

Hinn 4. maí 1972 ritar stefnandi landlækni bréf, þar sem hún tjáir honum, að hún hafi ekki getað eignast barn, en stefnandi giftist 3. apríl 1969. Stefnandi biður landlækni að komast að því, hvort framkvæmd hafi verið aðgerð á sér í sama skipti og botnlanginn var tekinn, sem orsaki þetta, og enn fremur að hjálpa sér, ef hægt sé að bæta úr þessu.

Landlæknir framsendir stefnda Ólafi þetta bréf 8. maí 1972, og Ólafur ritar síðan landlækni bréf, dags. 16. maí 1972, sem vitnað er í hér að framan.

Hinn 20. júní 1972 sendir landlæknir með bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu málið til þóknanlegrar meðferðar. „Ráðuneytið vill með vísan til 2. gr. laga nr. 14, 15. maí 1942 leita umsagnar siðamáladeildar lækna ráðs um meðfylgjandi mál K, . . ., sem Ólafur Þ. Þorsteinsson, sjúkrahúslæknir, Siglufirði, gerði aðgerð á í nóvember 1960.

Með vísan til 3. mgr. 2. gr. laga um lækna ráð er sérstaklega óskað rökstuddrar umsagnar um það, hvort umrædd aðgerð sé tilhlýðileg eða ekki“.

Hinn 29. júní 1972 ritar landlæknir stefnanda bréf og skýrir henni frá því, að framkvæmd hafi verið á henni ófrjósemisaðgerð á Sjúkrahúsi Siglufjarðar.

Hinn 31. okt. 1972 gerir siðamáladeild Lækna ráðs tillögu um ályktun Lækna ráðs svohljóðandi:

„Lækna ráð telur, að aðgerð sú, sem um ræðir og gerð var í Sjúkrahúsi Siglufjarðar í nóvember 1960, hafi ekki verið tilhlýðileg sakir skorts á tilskilinni heimild til aðgerðarinnar samkv. lögum nr. 16/1938, svo sem fram kemur í bréfi landlæknis til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 20. júní 1972.“

Lækna ráð samþykkti tillögu siðamáladeildar í einu hljóði á fundi sínum 11. mars 1974.

Stefnandi skýrði frá því fyrir rétti, að eftir að aðgerðin var framkvæmd á Sjúkrahúsi Siglufjarðar, hafi hún farið frá fóstru sinni. Árið 1965 hafi hún trúlofast manni, en þau hafi slitið samvistir árið 1968, en sambúð þeirra hafi verið slæm, m. a. vegna þess, að hún hafi talið manninn ekki geta getið börn. Sig hafi á

árunum 1967—1968 farið að gruna, að ekki væri allt með felldu vegna aðgerðarinnar á Sjúkrahúsi Siglufjarðar, og hafi hún þá farið í rannsókn, sem hafi sýnt, að hún hafi verið gerð ófrjó. Henni hafi ekki verið sagt frá því á sínum tíma, að þessi aðgerð hefði verið framkvæmd. Stefnandi kvaðst hafa óskað eftir því að fá barn í fóstur, en verið neitað um það og hafi henni verið sagt af héraðslækni sínum, að hún væri ekki hæf til þess.

Með bréfi, dags. 15. desember 1976, biður lögmaður stefnda Ólafs dómara málsins um að dómkveðja tvo matsmenn til að skoða stefnanda. Segir í beiðni þessari:

„Fram hefur komið, að stefndu telja, að við stefnanda eigi ákvæði 2. töluliðar 5. gr. 1. nr. 16/1938, en í lagaákvæði þessu segir: „Vönun skal því aðeins leyfa: a. að gild rök liggi til þess, að viðkomandi beri í sér að kynfyllgju það, er mikil líkindi séu til, að komi fram á afkvæmi hans sem . . . fávítaháttur . . . b. að viðkomandi sé fávíti . . . og gild rök séu til þess, að hann geti ekki með eigin vinnu alið önn fyrir sjálfum sér og afkvæmi sínu.“

Þess er óskað, að matsmenn láti í ljós álit sitt um, 1. Hvort stefnandi sé fávíti í skilningi ofangreindra lagaákvæða. 2. Hvort gild rök liggi til þess, að hún beri í sér að kynfyllgju fávítahátt, sem mikil líkindi séu til, að komi fram á afkvæmi hennar. 3. Hvort fávítaháttur hennar, ef um hann er að ræða, leiði til þess, að hún geti ekki með eigin vinnu alið önn fyrir sjálfri sér og afkvæmi sínu.“

Stefnandi neitaði að gangast undir þessa skoðun.

Af hálfu stefnanda er þeim ummælum stefnda Ólafs, sem fram koma í bréfi hans til landlæknis, dags. 16. maí 1972, svo og í greinargerð hans um andlegt ásigkomulag stefnanda og móður hennar, mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Ekkert hafi komið fram, sem styðji þessa fullyrðingu. Stefnandi hafi mótmælt því að gangast undir þá skoðun, sem beðið hafi verið um í þessu sambandi, á þeirri forsendu, að hún hafi ekki talið sig þurfa að sanna, að hún væri ekki andlega vangefin, heldur væri sú sönnun stefndu. Einkunn stefnanda í skriflegri íslensku í Gagnfræðaskóla Siglufjarðar sýni t. d., að hún sé þokkalega vel gefin.

Forsendur aðgerðarinnar hafi því ekki verið fyrir hendi, en læknirinn hafi þar að auki ekki sótt um tilskilin leyfi til landlæknis. Hafi hann borið fyrir sig, að hann hafi ekki munað eftir lögnum, og beri ábyrgð á því. Þá hafi læknirinn ekki borið aðgerðina undir neinn af aðstandendum stefnanda, en það sé einskis nýtt, að hann hafi talað við fósturu hennar, enda hafi hún

ekkert leyfi haft til að biðja um ófrjósemisaðgerð. Um sé að ræða mjög alvarlega aðgerð, sem lækjurinn og vinnuveitandi hans beri ábyrgð á skv. 264. gr. alm. hegningarlaga. Fram komi í ályktun Læknaráðs frá 11. mars 1974, að þeir telji, að forsendur til aðgerðarinnar hafi ekki verið fyrir hendi, en gagnályktun frá ályktuninni sé óheimil. Út í loftið sé, að stefnanda hafi verið neitað að taka fósturbarn, en um það liggi ekkert vottorð fyrir frá héraðslækni hennar.

Siglufjarðarkaupstaður eigi og reki það sjúkrahús, sem aðgerðin var framkvæmd á og stefndi Ólafur starfaði. Um sé að ræða sannanleg mistök læknis, sem vinnuveitandi hans beri ábyrgð á, og beri því að dæma þá in solidum til að greiða stefnanda skaðabætur.

Af hálfu stefnda Ólafs er á því byggt, að aðgerð sú, sem framkvæmd var á stefnanda, hafi verið réttlæt看leg og því lögleg, þegar hún fór fram. Skilyrði 5. gr. laga nr. 16/1938 hafi verið fyrir hendi, sem sé þau, að gild rök liggi til þess, að viðkomandi beri í sér að kynfylgju það, er mikil líkindi séu til, að komi fram á afkvæmi hans sem fávítaháttur, að viðkomandi sé fáviti og gild rök liggi til þess, að hann geti ekki með eigin vinnu alið önn fyrir sjálfum sér og afkvæmi sínu. Fram komi í bréfi stefnda Ólafs til landlæknis, dags. 16. maí 1972, að þessi skilyrði hafi verið fyrir hendi. Það, að eins hafi verið ástatt um stefnanda og móður hennar að þessu leyti, hafi í för með sér sterkar líkur á því, að afkomandi stefnanda mundi verða haldinn sömu ágöllum.

Í greinargerð með lögum nr. 16/1938 sé tekið fram, að hafi viðkomandi greindarvísitöluna (vitkvótann) 50—70 stig, sé um að ræða fávítahátt í skilningi laganna. Hins vegar verði að gæta þess, að orðið fáviti hafi síðan þá tekið breytingum og muni nú jafnvel þeir, sem kallaðir séu þroskaheftir, ekki í öllum tilvikum hafa hærri greindarvísitölu en 70 stig. Þótt viðkomandi geti lært, t. d. að lesa og skrifa, útiloki það engan veginn, að hann geti ekki talist fáviti í skilningi þessara laga.

Stefnandi geti einn upplýst um fávítahátt sinn, en þar sem hún hafi neitað að gangast undir þá skoðun, sem beðið hafi verið um, verði sönnun ekki til að dreifa. Þessi neitun leiði hins vegar til þess, að sönnunarbyrðin snúist við og falli á stefnanda.

Sama máli gegni um möguleika til framfærslu, því að það geti stefnandi ein sannað, sem hún hafi ekki gert, og færist því sönnunarbyrðin um það atriði einnig á stefnanda. Þess verði að gæta, að stefnandi hafi sjálf borið fyrir rétti, að henni hafi verið

synjað um að fá fósturbarn á þeirri forsendu, að hún væri óhæf til þess, og styðji það framangreinda staðhæfingu stefnda. Móðir stefnanda hafi verið ófær til þess að sjá til með henni og því hafi henni verið komið í fóstur. Fóstra hennar hafi beðið um aðgerðina og því hafi beiðni um hana komið frá réttum aðilja.

Það sé viðurkennt, að stefnda Ólafi hafi yfirsést að leita leyfis landlæknis til aðgerðarinnar.

Af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hafi verið óskað rökstuddrar umsagnar Læknaráðs um, hvort aðgerðin hafi verið tilhlýðileg eða ekki. Niðurstaða Læknaráðs, að aðgerðin hafi ekki verið tilhlýðileg sakir skorts á tilskilinni heimild skv. lögum nr. 16/1938, feli það í sér, að heimilt sé að gagnálykta þannig, að Læknaráð telji, að öll önnur skilyrði til aðgerðarinnar en leyfisveitingin ein hafi verið fyrir hendi. Þess vegna megi byggja á því, að leyfi til aðgerðarinnar hefði verið veitt, hefði þess verið leitað. Við aðgerðina sem slíka hafi ekkert verið að athuga og hún framkvæmd með eðlilegum hætti. Af framansögðu leiði, að bótaskylda sé ekki fyrir hendi.

Stefndi mótmæli fjárhæð kröfu stefnanda sem allt of hárrí. Þess verði að gæta, að ekki sé um fjárhagslegt tjón stefnanda að ræða, heldur miska, en miskabætur heyri til undantekninga og séu aðeins heimilar á grundvelli 264. gr. alm. hegningarlaga, en efni þeirrar lagagreinar nái ekki til þessa tilviks. Engar varanlegar eða sjúklegar breytingar hafi verið aðgerðinni samfara og því ekki um miska að ræða af þeim sökum. Aðeins sé um að ræða þann miska, að stefnandi geti ekki alið núverandi eiginmanni sínum börn.

Stefnandi virðist ekki hafa látið gera neina athugun á því, hvort hægt sé að gera hana frjóa á nýjan leik, þótt hún hafi sett fram beiðni um aðstoð þess efnis í bréfi sínu til landlæknis. Það sé almenn regla í bótarétti, að tjónþola beri skylda til að stuðla að því, að tjón verði sem minnst. Erlendar rannsóknir hafi leitt í ljós, að meir en 50% líkur séu á því, að gera megi konur frjóar á nýjan leik, eftir vönun, með skurðaðgerð. Hugsanlegar bætur til stefnanda verði að miða við nefnda reglu skaðabótaréttar og framangreinda læknisfræðilega staðreynd. Þessi málsástæða kom fyrst fram í munnlegum flutningi málsins.

Þá verði þess að gæta, að vextir eldri en 4 ára af kröfu stefnanda séu fyrndir skv. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905.

Af hálfu stefnda Siglufjarðarkaupstaðar var vísað til málflutnings af hálfu stefnda Ólafs varðandi efnislega afstöðu til

kröfunnar. Því var hins vegar haldið fram varðandi kröfur stefnanda á hendur Siglufjarðarkaupstað, að aðgerð stefnda Ólafs væri svo óvenjulegs eðlis, að hún félli ekki undir mistök í starfi, sem húsbóndi bæri almennt ábyrgð á, enda væri fjarstæðukennt, að læknir gerði vönunaraðgerð í tengslum við botnlangaskurð. Þau mistök, sem orðið hefðu, gætu því ekki bakað stefnda Siglufjarðarkaupstað neina skaðabótaábyrgð.

Niðurstaða.

Í þessu máli hefur eigi verið leitt í ljós, hvort skilyrði þeirrar aðgerðar, sem framkvæmd var á stefnanda, hafi verið fyrir hendi, eins og þeim er lýst í 2. mgr. 3. gr. og 2. tl. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 16/1938. Þykir engu breyta í því sambandi, þótt stefnandi hafi neitað að gangast undir þá rannsókn, sem beðið var um.

Viðurkennt er af hálfu stefnda Ólafs, að hann hafi eigi leitað leyfis landlæknis til aðgerðarinnar. Hann hefur því eigi farið eftir fyrirmælum í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 16/1938. Með því hefur stefndi Ólafur, sbr. 9. gr. laga nr. 16/1938, bakað sér bótaábyrgð gagnvart stefnanda skv. 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Sú aðgerð, sem stefndi Ólafur framkvæmdi á stefnanda, og aðdragandi hennar þykja eigi vera með þeim hætti, að Siglufjarðarkaupstaður sem eigandi sjúkrahússins í Siglufirði beri eigi húsbóndaábyrgð á þessari framkvæmd sjúkrahússlæknisins. Ber því að dæma stefndu til greiðslu bóta in solidum. Líta verður svo á, að bæjarstjóranum í Siglufirði hafi verið stefnt f. h. bæjarstjórnar vegna bæjarsjóðs Siglufjarðarkaupstaðar í máli þessu.

Þegar metið er eðli aðgerðarinnar og önnur málsatvik, þykja bætur hæfilega ákveðnar kr. 1.500.000, sem stefndu greiði stefnanda in solidum. Af þeirri fjárhæð ber stefndu að greiða 7% ársvexti frá 4. febrúar 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvexti frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu verða stefndu dæmdir in solidum til að greiða málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.000, sem renni í ríkissjóð.

Stefnandi hefur gjafsókn í málinu, en ekkert liggur fyrir um útlagðan kostnað hennar. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 250.000, greiðist úr ríkissjóði og renni til skipaðs talsmanns hennar, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmans.

Friðgeir Björnsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Ólafur Þ. Þorsteinsson og bæjarstjórnin í Siglufirði f. h. bæjarsjóðs Siglufjarðarkaupstaðar, greiði in solidum stefnanda, K, kr. 1.500.000 með 7% ársvöxtum frá 4. febrúar 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 250.000 í málskostnað, sem renni í ríkissjóð.

Málskostnaður til handa stefnanda, kr. 250.000, greiðist úr ríkissjóði og renni til skipaðs talsmanns hennar, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 6. desember 1979.

Nr. 92/1978. **Gunnar Gíslason**
 (Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)
 gegn
Þin s/f
 og gagnsök
 (Gunnar Sólnes hrl.).

Fasteignaviðskipti. Vanefnd. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Björn Jósep Arnviðarson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. maí 1978. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.